Meðspilari Alan Sontag, Kyle Larson, vakti mikla athygli í mótnu fyrir frumlega hegðan. Myndin var tekið þegar hann var að fluga íferð í spá. Í sveitakeppni á sunnudagskvöldi hlustaði hann á útlarp á meðan hann spilaði og virtist það ekkert há spilamennskunni.

Stórmót Bridgefélags Reykjavíkur og Bridgesambandsins:

Danir unnu — Þórarinn og Guðmundur Páll misstu niður afgerandi forystu Mörg stórstirni úti í kuldnum í sveitakeppni

og Guðjón Stefánsson og Jón Björnsson með 65 stig eins og Möller og Blakset.

Staða eftir 20 umferðir:

| | |
|------------------------------|-----|
| Guðmundur — Þórarinn | 227 |
| Möller — Blakset | 190 |
| Larson — Sontag | 111 |
| Guðm. P. — Hörður Blöndal | 90 |
| Ingvar — Orwell | 82 |
| Hermann og Ólafur Lárussynir | 82 |

Í næstu umferðum skorðu Guðmundur og Þórarinn mikið og nokkrum umferðum síðar voru þeir orðnir langefstir. Kom þá fyrir atvik sem skipti sköpum hjá þeim í keppni. Kom upp svo-kölluð hikstaba þar sem Guðmundur Páll var talinn hafa hugsað óeðlilega lengi og sagt síðan pass og þegar kom að spilafélaga hans Þórarni, hafði hann sagt sögn og þá hugsanlega vegna „eðlilega“ langs umhugsunarfrests Guðmundar Páls. Keppisstjóri dæmdi í málinu með því að leiðrétta skor, en málið var kært til dómstóls sem dæmdi Guðmundi og Þórarni mjög í óhag. Mjög skiptar skoðanir voru um málsmeðferðina svo ekki sé meira sagt, bæði hvað dóm og forsendur varðaði svo og skipan dómstólsins. Út í það verður ekki farið nánar hér. Eftir þetta atvik gekk þeim félögum afar illa í keppni og í 38. umferð var svo komið að þeir höfðu tapað forystunni sem þeir höfðu haft lengst af.

Staða efstu para eftir 38. umferðir:

| | |
|-------------------------|-----|
| Möller — Blakset | 240 |
| Guðmundur — Þórarinn | 234 |
| Larson — Sontag | 184 |
| Mittelman — Molson | 188 |
| Adalsteinn — Stefán | 148 |
| Jón Hauks. — Vilhjálmur | 110 |
| Aukén — Werdelin | 100 |

Fimm umferðir voru eftir og gat því allt gerst enn. Það vakti athygli að Adalsteinn Jörgensen og Stefán Pálsson voru á jafnvæði enn hraðari endaspætti, en Bandaríkjamennirnir og skorðu mikið eftir að hafa haft sig lítið í frammi fyrri hluta mótsins.

Það má segja að það hafi verið heppi í allri óheppi Guðmundar og Þórarins að aðeins voru 5 umferðir eftir því stígatala þeirra lækkaði með hverri umferðinni. Virðist sem landanum sé fyrir-munad að vinna barometer-keppni stórmótanna en vonandi eiga okkar menn að fá fleiri tækifæri á stórmótum sem þessu til að kleggja á gestunum. Færeyngar áttu eitt par í þessari keppni og fannst mér fengur að að hafa þá enda þótt þeir blönduðu sér ekki í

topparáttuna. Þá kom á óvart hve bresku þörin áttu erfitt uppdráttar.

Keppisstjóri var Agnar Jörgensen og reiknimeistarar sem ætíð vinna vanþakklátt starf voru Vilhjálmur Sigurðsson og Sigurjón Tryggvason.

Stórmót Flugleða

Undanrásir í stórmóti Flugleða hófust á sunnudag og mætti 21 sveit af 24 sem höfðu skráð sig til keppninnar. Spilað var í þremur riðlum — 7 sveitir í hverjum riðli (yfirseta) og voru spilaðir 10 spila leikir.

A-riðill:

Sveit Ólafa Lárussónar sigraði

örugglega í þessum riðli, vann alla leikina. Sveit Tony Sowter varð í öðru sæti en sveit Sævars Þorbjörnssonar sem er núverandi Íslands- og Reykjavíkurreiðstjóri varð að láta sér nægja 3. sætið og er þar með úr leik.

| | |
|--------------------|-----|
| Ólafur Lárússon | 112 |
| Tony Sowter | 105 |
| Sævar Þorbjörnsson | 71 |

B-riðill:

Keppni í þessum riðli var mest spennandi og skemmtilegust. Sveit Hrólfis Hjaltasonar kom nokkuð á óvart og vann hvern leikinn á fætur öðrum og svo fór að sveit hans stóð uppi sem sigurvegari í riðlinum. Gífurleg keppni var um hitt sætið í útslitunum sem lauk með sigri sveitarfélaga Þórarins Sigþórssonar, en Þórarinn og Guðmundur tóku ekki þátt í undankeppni.

| | |
|---------------------|----|
| Hrólfur Hjaltason | 93 |
| Þórarinn Sigþórsson | 85 |
| Karl Logason | 81 |
| Steen Möller | 80 |
| Jón Hjaltason | 75 |

Það voru því ekki ómerkari sveitir en danska sveitin og sveit Jóns Hjaltasonar sem nýlega vann undankeppni Rvíkurmótsins með yfirburðum sem voru úti í kuldnum.

C-riðill:

Í þessum riðli var mjög skemmtileg keppni sem lauk með óverðskuldudóm sigri Bandaríkjamannanna. Þá skutust Adalsteinn Jörgensen og félagar hans nokkuð óvænt upp í annað sætið í síðustu umferðinni, þegar bæði Karl Sigurhjártarson og Egill Guðjohnsen tópuðu leikjum í síðustu umferð. Þess má geta að Karl Sigurhjártarson vann þessa keppni örugglega í fyrra.

| | |
|----------------------|----|
| Alan Sontag | 91 |
| Adalsteinn Jörgensen | 89 |
| Karl Sigurhjártarson | 86 |
| Egill Guðjohnsen | 83 |



Borgarstjórnir í Reykjavík, Davíð Oddsson, setti Stórmót. Hann sagði síðan fyrstu sögnina fyrir Steen Möller sem eftirkétt honum sæti sitt á meðan. Ljóm. Mbl. Arnór

Sannfærandi sig- ur breta í Stór- móti Flugleiða

Bridge

Arnór Ragnarsson

BREZKA liðið sýndi hvað í þeim bjó þegar þeir sigruðu örugglega í Stórmóti Flugleiða sem lauk aðfaranótt mánudags. Þeir spiluðu 32 spila úrslitaleik gegn sveit Ólafs Lárussonar sem hélt í við Bretana þangað til í 24. spili. Brezka sveitin spilaði mjög vel í úrslitaleiknum en allir spilararnir eru meðal bestu spillara Breta. Þeir eru: Tony Sowter, Steve Lodge, Tony Forrester og Raymond Brock.

Úrslitaleikurinn var sýndur á sýningartöflu. Sveit Ólafs fékk slæmt start og eftir 4 spil var staðan 15-0 fyrir Breta. Í hálfleik hafði leikurinn þó jafnast og höfuð Bretar aðeins yfir, 20 gegn 17. Fyrstu 4 spilin í síðari hálfleik reyndust Ólafi og hans mönnum einnig erfið en að loknum 23 spilum voru þeir búnir að vinna það upp og gott betur og höfuð forystu, 39-38. Síðustu spilin voru svo einstefna Bretanna. Skoruðu þeir láttlaust og í 25. spili unnu þeir t.d. úttektarögn tvöfaldaða á háðum borðum. Verðlaun fyrir 1. sætið voru

1500 dollarar og 1000 dollarar fyrir annað sætið. Þá voru 500 dollara verðlaun fyrir 3. sætið og um það spiluðu Aðalsteinn Jørgensen og bandaríska sveitin. Í hálfleik var staðan 27-25 fyrir Bandaríkjamenn. Þeir juku síðan forskotið í þeim síðari og unnu með svipubum mun og Bretar.

Sveitir Þórarins Sigþóresonar og Hrólfis Hjaltasonar urðu í 5.-6. sæti í mótinu.

Sveit Ólafs Lárussonar kom mjög vel út úr þessari keppni. Var t.d. eina sveitin sem ekki tapaði leik í undanrásunum. Í sveit Ólafs Lárussonar eru ásamt honum: Hermann Lárusson, Hannes Jónsson, Óli Már Guðmundsson, Svavar Björnsson og Sigtryggur Sigurðsson.

Mótinu lauk um kl. 01 aðfaranótt þriðjudags með því að framkvæmdastjóri markaðssviðs Flugleiða, Björn Theodórsson, afhenti verðlaun fyrir Flugleiðamótið. Þakkaði hann erlendum gestum langt að komnum fyrir komuna og góðrar heimkomu. Það vakti athygli undirritaðs þegar forsvarsmáður Bretanna, Tony Sowter, sté í pontu og þakkaði fyrir sig og sína að hann gat þess sérstaklega að hann



Að lokun Stórmóti Flugleiða sl. mánudagskvöld. Sigurlið breta á fremsta bekk talið frá vinstri: Raymond Brock, Tony Forrester, Steve Lodge og Tony Sowter, Sigmundur Stefánsson, formaður BR lengst til hægri. Minni myndin er af Alan Sontag, einum þekktasta spillara heims, en sveit hans varð að líta sér lynda 3. sætið í keppninni.



hefði sjaldan tekið þátt í svo vel skipulögðu móti og í góðum skordum. Sagðist hann ætla að geta þess í hriðheilaði því sem hann ritstýrir, Popular Bridge Monthly.

Stórmót Flugleiða var opið öllum sveitum. Eftir þá reynslu sem fengið hefir af þessu móti verður að telja að það sé nokkuð vafasamt að hafa engin takmörk fyrir þátttöku. T.d. má nefna að 24 sveitir voru skráðar en aðeins

21 mætti til leika.

Nokkuð bar á elvun meðal áhorfenda og er það afar slæmt svo ekki sé talað um þegar einnig er farið að sjá á keppendum.

Agnar Jørgensson stjórnadi bridgéhátíðinni af mikilli röggsemi með dyggum stuðningi formanns Bridgefélags Reykjavíkur, Sigmundur Stefánssonar, og forseta Bridgesambandsins, Kristófers Magnússonar.



Mótið tafað um 1½ klukkustund vegna þess að Svíarnir voru ekki mættir. Hér heilsa Sigmundur Stefánsson og Björn Theodorsson þeim í móttöku Hótelis Loftleða. Talið frá vinstri: Pettersson, Göthe (á bak við Björn) Sveinon, Sigmundur og Gullberg.



Gífurlegur Gjöldi félls fylgjast með tveimningskeppninni. Var oft erfitt að komast að „pótlunum“ til að sjá hvað um væri að vera. Hér eigast við Gullberg og Göthe annars vegar og Aðalsteinn Jørgensen og Runólfur Pálsson hins vegar. Morgunblaðið/Arnór.

Landinn skaut „meisturrunum“ ref fyrir rass

Bridge

Arnór Ragnarsson

Guðlaugur R. Jóhannsson og Örn Arnþórsson sigruðu í Bridge-hátíðartveimningunum sem tók st. laugardag. Hlutu þeir 289 stig yfir meðalskor eða tæplega 7 úr hverri setu. Hórkúpeppi var milli Guðlaugs og Arnar. Guðmundur og Þórarinn urðu að láta sér lynda annað sætið annað árið í röð. Þeir hlutu 287 stig nú eða tveimur stigum minna en Guðlaugur og Örn og ef undirritaður man rétt þá voru þeir einnig tveimur stigum frá úrslitastéttu í fyrra.

Það bar lítið á Guðlaugi og Erni í fyrri hluta mótsins og sáust þeir ekki á toflu yfir eftu

pörin fyrr en keppnin var hálfnuð. Aftur á móli voru Svíarnir Tommy Gullberg og Hans Göthe langefstir í fyrri hlutanum. Var ekki annað að sjá um tíma en að þeir ætluðu að einoka efsta sætið strax.

| Staðan eftir 20 umferðir: | |
|---|-----|
| Göthe — Gullberg | 239 |
| Guðmundur Pétursson — Sigtryggur Sigurðsson | 135 |
| Aðalsteinn Jørgensen — Runólfur Pálsson | 127 |
| Hörður Arnþórsson — Jón Hjaltason | 110 |
| Pettersson — Sveinon | 104 |
| Jón Baldursson — Hörður Blöndal | 100 |
| Guðmundur Páll — Þórarinn Sigþórsson | 97 |

Eftir þetta fór að draga af Sveinunum á meðan íslensku pörin tveifldust. Guðlaugur og Örn skorudu mikið avo og Guðmundur Páll og Þórarinn. Þá komust Guðmundur Sveinsson og Þorgeir Kyjólfaason í röð eftu para. Hitt sænska parið, Pettersson og Sveinon, spilaði mjög jafnt og hélt sig meðal eftu para út alla keppnina. Það bar lítið á heimsmeistararunum sem virtist ekki ná sér á strik og virtist sem það færi eitthvað í okapið á opilafélaga hans, Steve Sion.

Staðan eftir 33 umferðir:

| | |
|---------------------------|-----|
| Gullberg — Göthe | 267 |
| Guðlaugur — Örn | 245 |
| Guðmundur Páll — Þórarinn | 195 |
| Guðmundur — Þorgeir | 185 |
| Pettersson — Sveinon | 179 |

| | |
|--------------------|-----|
| Jón B. — Hörður B. | 167 |
| Melson — Cokin | 161 |

Þegar hér var komið var komin spennan í mótið sem virtist dautt eftir 20 umferðir. Gullberg og Göthe stóðu í stað eða fóru niður á við á meðan okkar menn klifu uppstigann og þegar þremur umferðum var ólokkið höfðu Guðlaugur og Örn gott forskot á Þórarinn og Guðmund Pál eins og sjá má á eftirfarandi toflu:

Staðan eftir 40 umferðir:

| | |
|-----------------------|-----|
| Guðlaugur — Örn | 329 |
| Guðmundur — Þórarinn | 289 |
| Gullberg — Göthe | 238 |
| Pettersson — Sveinon | 200 |
| Sontag — Sion | 195 |
| Aðalsteinn — Runólfur | 177 |
| Jón B. — Hörður B. | 175 |

Þetta forskot dugði þeim fé-

lögum og langþráður sigur var í höfn. Eg held að þeir hafi ekki unnið stórt tveimningsmót í nokkur ár og hefir eflaust verið þeim kærkomið. Guðlaugur og Örn hafa spilað saman í áratíðir, oft verið í íslenska landsliðinu og ætíð verið meðal eftu para í stærri tveimningskeppnum hér á landi. Þeir eru margfaldir Íslandsmeistarar í tveimningi og sveitakeppni. Þeir spila Bláa laufið.

Lokastaðan:

| | |
|---|-----|
| Guðlaugur R. Jóhannsson — Örn Arnþórsson | 289 |
| Guðmundur Páll Arnarson — Þórarinn Sigþórsson | 287 |
| Tommy Gullberg — Hans Göthe | 238 |
| Alan Sontag — Steve Sion | 222 |
| Aðalsteinn Jørgensen — Runólfur Pálsson | 199 |
| Göran Pettersson — Leif Sveinon | 187 |
| Tony Forrester — Cuss Calderwood | 184 |
| Jón Baldursson — Hörður Blöndal | 140 |
| Hermann Lárusson — Ólafur Lárusson | 110 |
| Gunnar Þórðarson — Kristján Gunnarsson | 92 |

Keppnistjóri var Agnar Jørgensen og reiknimeistarar Vigfús Pálsson og Halldór Hallgrímsson. Nokkuð var að gera hjá keppnistjóranum.

Einna mest bar á því að spilararnir sviku lit í hita leiksins svo ótrúlegt sem það nú er.

Guðlaugur og Örn fengu 1200 dali í verðlaun, Guðmundur Páll og Þórarinn 900 dali og Göthe og Gullberg 600 dali.

Sveitakeppnin

Fjórir umferðir voru spilaðar í sveitakeppninni á sunnudag en þrjár umferðir í gær. Sveit Alana Sontag hafði örugga forystu eftir 4 umferðir, 77 stig. Í öðru sæti var sveit Hans Göthe með 65 stig en þessar sveitir spiluðu saman í 5. umferð.



Sigurvegjarar í sveitakeppni á bridgehátíð 1984, sveit Alan Sontag. Myndin var tekin aðfararnótt þriðjudagsins. Það er Björn Theodórsson, forseti Bridgesambands Íslands, sem afhenti verðlaunin. Talið frá vinstri: Mark Molson, Alan Cokin, Steve Sion, Alan Sontag og Björn.

Morgunblaðið/Arnar.

Bridgehátíð 1984 — sveitakeppni:

Yfirburðasigur hjá Alan Sontag og félagum hans

SVEIT Alans Sontag, bandaríska heimsmeistarans, sýndi gífurlega yfirburði í sveitakeppninni á Bridgehátíð sem lauk aðfararnótt þriðjudagsins. Hlaut sveitin 161 stig af 170 mögulegum, en hafa verðar í hoga að spilaðir voru 16 spila leikir, þannig að árangurinn er enn glæsilegri fyrir það.

Jöfn og skemmtileg keppni var aftur á móti um 2. sætið í mótinu. Tvær sveitir urðu jafnar að stigum, Samvinnuferðir/Landsýn og sveit Gests Jónssonar. Hinir fyrrnefndu höfðu betra punktahlutfall úr mótinu og voru þar með í öðru sæti.

Sveit Tony Sowter varð í fjórða sæti og Thorsten Bernes í fimmta sæti. 1200 dalir voru í 1. verðlaun, 800 dalir í 2. verðlaun og 500 dalir í 3. verðlaun.

Nánar verður sagt frá mótinu í bridgeþætti.



Sveit Samvinnuferða/Landsýnar varð í öðru sæti í sveitakeppninni. Með þeim spilaði Einar Guðjohnsen en hann hefir getið sér gott orð sem spilarí í Bandaríkjunum. Talið frá vinstri: Einar Guðjohnsen, Sigurður Sverrisson, Hörður Blöndal, Valur Sigurðsson. Forseti BSI, Björn Theodórsson, er lengst til hægri.



Þannig litur sjónveildarhringurinn út frá sjónarhorni bríðgespilarana. Mikill fjöldi áhorfenda þannig að ekki sést á næsta borð. Myndin er frá leik Samvinnuferða/Landsýnar og sveitar Guðjóns Einarssonar.

Bandaríska sveitin yfirburðasigurvegari á Bridgehátíð:

Sveit Guðjóns Einarssonar kom mest á óvart

Bridge

Arnór Ragnarsson

Bandaríkjamennirnir Alan Sontag, Steve Sion, Mark Molson og Alan Cokin unnu glæsilegan sigur í sveitakeppninni á Bridgehátíð sem lauk aðfarandið þriðjudags. Flutu þeir 161 stig af 170 mögulegum. Mótið var spilað eftir Monradkerfi, alls 7 umferðir, og voru gefin 20 stig í fjórum fyrstu umferðunum en 30 stig í hinum síðari. Er skemmt frá því að segja að Bandaríkjamenn sigruðu í öllum sínum leikjum með miklum mun. Spiluðu þeir af miklu öryggi og ef eitthvað bar þar út af komu andstæðingarir þeim til hjálpar á einni eða annan hátt.

Sveit Samvinnuferða/Landsýnar varð í öðru sæti með 118 stig en sveit Gestu Jónssonar fékk einnig 118 stig, en var með lakara punktahlutfall.

Ekki var mikið um óvænt úrslit í móttinu. Einna mest kom á óvart „skrapasveit“ Guðjóns Einarssonar, sem endaði í 10. sæti eftir slæman skell í síðustu umferð gegn Samvinnuferðum/Landsýn. Sveit Guðjóns hafði þá m.a. unnið sveit Hans Góthe í 6. umferð með 23 gegn 7. Í þessari sveit spiluðu Hreinn Hreinsson,

Boðvar Magnússon, Guðjón og Hrónnar Erlingsson en hann var langyngstur keppenda, aðeins 15 ára gamall.

Markverð úrslit í fyrri umferðum móttins:

2. umferð:

| | |
|-----------------------|------|
| Tony Sowter — | |
| Sigurður Vilhjálmsson | 5—15 |
| Jón Hjaltason — | |
| Hans Gothe | 15—5 |
| Gestur Jónsson — | |
| Þórarinn Sigþórsson | 20—3 |

3. umferð:

| | |
|-------------------------|------|
| Tony Sowter — | |
| Ólafur Lárússon | 4—16 |
| Alan Sontag — | |
| Gestur Jónsson | 20—5 |
| Úrval — | |
| Jón Þorvarðarson | 3—17 |
| Þórarinn Sigþórsson | |
| Baldur Kristjánsson | 8—12 |
| Sigurður Vilhjálmsson — | |
| Thorsten Bernes | 20—1 |

4. umferð:

| | |
|--------------------|------|
| Jón Hjaltason — | |
| Alan Sontag | 3—17 |
| Úrval — | |
| Þorfinnur Karlsson | 5—15 |

5. umferð:

| | |
|--|------|
| Runólfur Pálsson — | |
| Runólfur Pálsson | 0—30 |
| Þórarinn Sigþórsson — | |
| Guðjón Einarsson | 6—24 |
| Nokkuð jafn, jafn og fuður varð fyrir síðustu umferðina hvaða sveit ætti að fara í hálkavélin (bandaríska sveitina). | |



Yngsti keppandi móttins, Hrónnar Erlingsson. Hann og sveitarfélagar hans komn mjög á óvart í móttinu.

Sveit Thorstens Bernes hafði 103 stig en sveit Runólfs Pálssonar hafði 102 stig. Við nánari athugun skorbláða á meðan verið var að raða saman sveitum kom í ljós að sveitirnar voru jafnar og að það var sveit Runólfs sem átti að spila gegn Sontag á tólfunní en sveit Thorstens gegn sveit Gestu.

Alan Sontag rúllaði sveit Runólfs upp ef talað er á fagmáli svo



Hvað er að gerast á þessu borði? Jú þetta mun vera sveit Hermanns Þórs Erlingssonar að bera saman bækur sínar eftir leik.

að þeir komu ekki til álitu með verðlaun. Sveit Gestu gerði draum Thorstens að engu með 23—7 sigri og sveit Samvinnuferða/Landsýnar stóð með pálmann í höndunum eftir 30—0 sigur gegn sveit Guðjóns Einarssonar.

Í sveit Samvinnuferða/Landsýnar spilaði Einar Guðjohnsen en hann hefir verið fjarri góðu gamni hér í árunarðir en getið sér gott orð sem spilarí fyrir „Westan“, en sveitina skipa annars Valur Sigurðsson, Sigurður Sverrisson, Jón Baldursson og Hörður Blöndal.

Í sílfurliðinu spiluðu Gestur Jónsson, Sverrir Kristinsson, Jón Páll Sigurjónsson, Sigfús Örn Arnason og Ragnar Magnússon.

Lokastaða efnu sveita:

| | |
|------------------------|-----|
| Alan Sontag | 161 |
| Samvinnuferðir/Landsýn | 118 |
| Gestur Jónsson | 118 |
| Tony Sowter | 110 |

| | |
|--------------------------|-----|
| Thorsten Bernes | 109 |
| Sigurður B. Þorsteinsson | 108 |
| Hans Gothe | 108 |
| Runólfur Pálsson | 102 |
| Úrval | 97 |
| Guðjón Einarsson | 94 |
| Þórarinn Sigþórsson | 90 |
| Jón Hjaltason | 88 |
| Þorfinnur Karlsson | 87 |
| Baldur Kristjánsson | 83 |
| Vilhjálmur Þór Pálsson | 82 |
| Agúst Helgason | 82 |
| Andreas Richter | 80 |

Verðlaun í sveitakeppninni voru 1200 dalir í 1. verðlaun, 800 dalir í 2. verðlaun og 500 dalir í 3. verðlaun. Þá voru veitt gullstig, 10 stig fyrir 1 sæti, 7 stig fyrir 2. sæti, 5 stig fyrir 3. sæti og 3 stig fyrir 4. sætið.

Mikill fjöldi manna fylgdist með móttinu sem lauk á öðrum timanum aðfarandið þriðjudags. Forseti Bríðgesambands Íslands, Björn Theodórsson, afhenti þá verðlaun fyrir sveitakeppnina og áleit móttinu.

Barometer á Bridgehátið:

Sigurður Sverrisson og tvímenningskóngurinn Jón Baldursson sigruðu

Bridge

Arnór Ragnarsson

LOKSINS — lokains íslenskur sigur í barometerkeppninni á bridgehátið. Jón Baldursson og Sigurður Sverrisson urðu sigurvegarar í 48 para barometerkeppninni sem lauk sl. laugardag á Hótel Loftleioum. Háðu þeir sæslégt einvígi í síðustu umferðunum við pótluku ólympmeistarana Romanzky og Tuszinszky og þegar upp var staðið höfðu Jón og Sigurður 403 stig en pólvérjarnir 401 stig. T.d. má geta þess að þegar tveimur umferðum var ótíkið höfðu bæði þórin hlotið 379 stig.

Jón Baldursson og Sigurður Sverrisson þarf varð að kynna. Þeir eru báðir margfaldir Íslandsmeistarar. Einkum hefur Jón verið harður að ná sér í Íslandsmeistarátíla í tvímenningsi og er hann handhafi titilsins í dag ásamt Herði Blúndal.

Sigur Jóns og Sigurðar er mjög athyglisverður. Þeir eiga í höggi við marga af þekktustu bridgepillurum heima en þó verður að geta þess að þeir spila á heimavelli og þekkja flesta af andataðingum sínum mjög vel. Litum á gang keppinnar.

Staðan eftir 10 umferðir:
 Ásmundur — Karl 135
 Rúnar — Stefán 101
 Romanzky — Tuszinszky 96
 Guðmundur P. — Hjalti 95
 Zia Mahmood — Hoffman 80
 Blakset — Möller 78

Félagsmeistarar Bridgefélags Reykjavíkur, Stefán Pálsson og Rúnar Magnússon, byrjuðu mótið af miklum krafti og höfðu förfystu í mótnu fram að 10. umferð. Ásmundur Pálsson og Karl Sigurhjártarson áttu líka góða byrjun í þessu móti og gáfu ekki til baka þau stig sem þeir náðu í. Þá var auðsæð að útlendingarnir höfðu áhuga á dölunum sem í boði voru — og kannski ekki ást Pólvérjarnir.



Persónulefki Pakistanans Zia Mahmood leyndi sér ekki bæði við spilaborðið og utan þess. Hér fylgjast fjórar þekktar konur úr bridgeheiminum með Zia meta stöðuna.

Staðan eftir 19 umferðir:
 Jón B. — Sigurður Sv. 215
 Romanzky — Tuszinszky 190
 Ásmundur — Karl 174
 Aukun — Koch 172
 Guðmundur P. — Hjalti — Guðmundur 145
 Sevar — Jón Jónsson 133
 Zia Mahmood — Hoffman 121
 Jón Baldursson og Sigurður Sverrisson tóku hreint ótrúlegan sprett eftir 6. umferð en þá voru þeir með 28 stig í minna. Þeir akoruðu á þessum tíma 20 stig yfir meðalskor í hverri umferð. Þá spiluðu Aukun og Koch þennan hluta af miklum krafti. Guðmundur Pétursson og Hjalti spiluðu einnig af öryggi en Hjalti varð fyrir því að fá aðeins og varð að fara á spítala til skoðunar. Í hans stað kom Guðmundur Eiríksson.

Staðan eftir 31 umferðir:
 Jón B. — Sigurður 285
 Romanzky — Tuszinszky 212

Aukun — Koch 196
 Zia Mahmood — Hoffman 179
 Guðm. P. — Guðm. E. 170
 Engan bilgug er að finna á Jóni Baldurssyni og Sigurði Sverrisyni og þegar hér var komið var auðsætt að þeir gæfu ekkert eftir. Háfa verður það þó í huga að í svona stórum barometer eru stigin fljót að skipta um eigendur en spilið eru 2 spili milli para og af tve öfustu þórin spila saman getur annað farið upp um 30–40 stig á meðan hitt fer niður um sömu tölu.

Staðan eftir 41 umferðir:
 Jón B. — Sigurður 345
 Romanzky — Tuszinszky 285
 Zia Mahmood — Hoffman 276
 Aukun — Koch 255
 Coon — Stengel 182
 Björn — Guðmundur 180
 Þegar hér er komið eiga Jón og Sigurður enn 60 stig til góða á næsta þar en 4 umferðum síðar voru bæði þórin komin með 379



Sigurvegararar í tvímenningsnum, Sigurður Sverrisson og Jón Baldursson.

stig og allt gat gerast. Jón og Sigurður áttu ótrúlið betri endasprett og sigurinn var þeirra — kærkominn sigur íslenska pars en það hefur viljað brenna við að erlendu þórin hafi lætt sér í öfstu sætin í síðustu umferðinni og stolið sigrinum frá íslensku þórunum. Til nokkurs var að vinna því að verðlaunin í mótnu voru mjög góð, 1500 \$ fyrir 1. sætið, 1000 \$ fyrir 2. sætið, 700 \$ fyrir 3. sætið, 400 \$ fyrir 4. sætið, 300 \$ fyrir 5. sætið, 200 \$ fyrir 6. sætið og 100 \$ fyrir 7.–10. sætið. Þrjú öfustu þórin fengu auk þess verðlaunagripa.

Lokastöðan:
 Jón Baldursson — 403
 Sigurður Sverrisson 403
 Romanzky — Tuszinszky 401
 Jens Aukun — Dennis Koch 281
 Zia Mahmood — M. Hoffman 249
 Jón Ásbjörnsson — 230
 Símon Simonarson — 230
 Björn Eysteinnsson — 200
 Guðmundur Hermannsson 200
 Barry Myers — Robert Sheean 194
 H. Stengel — Charles Coon 143
 Rúnar Magnús — Stefán Páls 131
 Ásmundur Pálsson — 130
 Karl Sigurhjártarson 122
 Lars Blakset — Steen Möller 122
 Guðmundur Páll Arnarson — 109
 Þórarinn Sigþórsson 109

Jens Aukun og Dennis Koch spiluðu mjög jafnt allt mótið út og voru vel að 3. sætinu komnir. Þá voru Zia og Hoffman stöð meðal öfustu para en aftur á móti áttu Jón Ásbjörnsson og Símon Simonarson mjög góðan endasprett sem gaf þeim 5 sætið nokkuð óvænt því þar voru margir kallaðir. Árangur Rún-

ars og Stefáns verður að teljast þokkalegur en t.d. Guðmundur Páll og Þórarinn áttu erfitt uppdráttar eftir þunga byrjun í mótnu. Ekki er hægt að skilja svo við einstök þor en að geta árangurs eins af bandarísku þórunum þar sem yfirgangur samra þeirra virkar þannig á fólk að þeir séu einungis komnir til að ná í aurlana. Alan Cokin og Jim Sternberg enduðu meðal neðstu para í mótnu með 294 undir meðalskori.

Mjög mikill fjöldi áhorfenda fylgdist með mótnu sem fór fram með miklum ágætum. Keppnistjóri var Agnar Jörge-
 enson.

Sveitakeppnin

Alls mættu 36 sveitir í sveitakeppnina en þar af voru 6 sveitir með erlendum þátttakendum.

Fjórar umferðir voru spilaðar á sunnudag og að þeim loknum var staðin íslensku sveitanna óneitanlega nokkuð sterk.

Þórarinn Sigþórsson 88
 Jón Baldursson 84
 Suburgarðar 78
 Martens (Pílland) 77
 Steve Sion (Bandaríkin) 76
 Jón Hjaltason 76

Sveit Zia Mahmood hafði aðeins hlotið 68 stig en hann og Barry Myers höfðu ýmsum höppum að hneppa auk spilmennakunnar þannig að árangur þreku sveitarinnar var kannski ekki sá skyldi.

Sveitakeppninni, sem spilið var eftir Monrad-kerfi, lauk sl. nótt og verða úrslitin væntanlega í miðvikudagsblaði.



Morgunblaðið/Arnór

Pólvérjarnir Tuszinszky og Romanzky urðu að láta sér lynda annað sætið í keppninni. Þeir spila hér gegn einum íslensku kvennaparinu, Ester Jakobsdóttur og Valgerði Kristjónsdóttur.



Borgarstjóri setti mótið og sagði fyrstu söguna fyrir Pólvérjann Przybora. Forseti ESÍ, Björn Theodorsson, fylgdist með.



Margrít þekktir „bridgejárnkarlar“ voru meðal þátttakenda. Hér eigast við Kristján Kristjánsson, Ragnar Halldórsson í ÍSAL, Adalsteinn Jónsson, þekktari sem AII ríki, og Þráinn Finnþórgaason, lyfjafræðingur í Ingólfsápoteki.



Morgunblaðið/Arnór

Sigurvegarnir í sveitakeppni á bridgeháttíð — Pólska landsliðið og Ólympíumeistararnir. Talið frá vinstri: Martens, Tuszinszky, Przybora og Romansky.

Bridgeháttíð lokið:

Pólsku Ólympíumeistararnir unnu sveitakeppnina

PÓLSKU Ólympíumeistararnir Romansky, Tuszinszky, Martens og Przybora sigruðu í sveitakeppninni á bridgeháttíð sem lauk sl. mánu dagskvöld. Hlaut sveitin 140 stig en sveit Úrvals varð í 6. sæti með 137 stig og danska sveitin Utrecht þriðja með 132 stig.

Alls mættu 36 sveitir til keppinnar sem var spiluð með Monrad-fyrirkomulagi 14 spila leikr. Sveitir þórarins Sigþórs-sonar og Jóns Baldurssonar byrjuðu mótið mjög vel og voru efstar eftir 4 umferðir og spiluðu saman

í 5. umferð þar sem sveit Jóns vann með miklum mun. Sveit Jóns tapaði síðan með nokkrum mun fyrir Pólverjunum og Úrvali í síðustu umferðunum og endaði í 6. sæti í keppninni. Á meðan spilaði danska sveitin Utrecht gegn Þórarni og Bandaríkjamönnum og vann báða leikina örugglega og þar með varð 3. sætið þeirra. Pólska sveitin spilaði gegn Ragnari Magnússyni í síðustu umferð og vann þann leik 20-10 og þar með mótið.

Lokastaðan:

| | |
|--------------------------|-----|
| Martens Póllandi | 140 |
| Úrval | 137 |
| Utrecht Danmörku | 132 |
| Suðurgarður | 124 |
| Zia Mahmood Bretlandi | 124 |
| Jón Baldursson | 121 |
| Ólafur Lárússon | 118 |
| Sigurður B. Þorsteinsson | 117 |
| Ragnar Magnússon | 113 |

Verðlaun fyrir 3 efstu sætin voru 1200, 800 og 500 dollarar. Keppnistjórar voru Agnar Jörgenssen og Guðmundur Kr. Sigurðsson og höfðu þeir í nógu að snúast.